

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á skrifstofu Flóahrepps að Þingborg þann 6. nóvember 2023, kl. 16:00

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógarbyggðar
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Auk þeirra sátu fundinn Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjórar
Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Frá deildarstjórum Skóla- og velferðarþjónustu:

- a) Stuttar fréttir af starfseminni.


Anný fór yfir stöðu og starfsemi velferðarþjónustunnar síðustu vikur. Nokkur aukning hefur orðið á málafjölda barnaverndarmála. Heimaþjónusta er svipuð og verið hefur en 18 starfsmenn starfa að heimaþjónustu í 11,5 stöðugildum og er mönnun með ágætum. Fjárhagsaðstoð er einnig með svipuðum hætti og verið hefur. Engar reglur eru í gildi varðandi akstur aldraðra og mikilvægt að þær verði settar sem fyrst.

Gunnlaug fór yfir stöðu og starfsemi skólaþjónustunnar síðustu vikur. Hún fór yfir verklagið sem unnið er eftir í skólunum en mikilvægt er að formgera samskipti skólaþjónustunnar og skólanna enn betur en gert er í dag. Biðlisti er enn nokkur eftir þjónustu sálfræðinga en þó er unnið markvisst að því að kanna hvort önnur úrræði gagnist mögulega betur. Heiður Eysteinsdóttir hefur verið ráðin sem náms- og starfsráðgjafi og hefur hún þegar tekið til starfa.

Rætt um mikilvægi tölfraðilegra gagna og munu deildarstjórar vinna úr þeim umræðum sem sköpuðust á fundinum.

- b) Tillögur að fjárhagsáætlunum 2024.

Deildarstjórar fóru yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024. Unnið verður áfram að fjárhagsáætlun og verður hún kynnt á næsta fundi stjórnar sem haldinn verður á Teams.



2. Aðalfundur SVÁ

Formanni falið að stilla upp tillögu að aðalfund ársins 2022 bæði hvað varðar samstarfið í Árnæssýslu í heild sem og aðalfund varðandi starfsemi okkar svæðis árið 2023. Fundirnir verði haldnir á Teams og ákvarðanir staðfestar rafrænt.

3. Erindisbréf fagnefndar SVÁ

Lögð fram drög að erindisbréfi fagnefndar SVÁ. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Undanþága frá barnaverndarþjónustu

Anný kynnti að núverandi undanþága gildir til 15. janúar 2024. Deildarstjóra falið að vinna að umsókn um framlengingu undanþágunnar með sömu rökum og síðast voru lögð fram.

5. Félagssamningur SVÁ

Formaður fór yfir stöðu félagasamningssins en enn hefur ráðuneytið ekki samþykkt samninginn þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um að málið verði klárað. Formanni falið að fylgja málinu eftir.

6. Fundargerðir:

- Fagnefndar nr. 1 dags. 31.10.2023

Fundargerðin lögð fram til kynningar en deildarstjórar munu einnig senda aðildarsveitarfélögunum fundargerðina til staðfestingar.

- Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu dags. 24.08.23 og dags. 17.10.2023

7. Efni til kynningar:


Samantekt frá Vinnustofu II

Stjórn leggur áherslu á að unnið verði áfram með niðurstöður vinnustofunnar sem tókst mjög vel að mati stjórnar.

8. Önnur mál

Rætt um tækifæri sem felast í styrkjum til skólaþróunar og verkefni sem skemmtilegt og gott væri að kynna hagsmunaaðilum á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:46



Hulda Knútsdóttir, Anna Þórgíga Þórssen, Aldrit Flóði, Asa Valdis Æmadóttir, Helgi Þórhallsson, Guðrún Þórhallsdóttir